

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu út af 87
 beiðni um leyfi til að flytja til landsins hrút frá Skotlandi. — Eptir að hafa með 15. júlí.
 þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 9. f. m. meðtekið álit amtsráðsins í norð-
 ur og austuramtinu um beiðni Hermanns Hjálmarssonar, er jeg sendi yður með brjefi
 mínu 29. apríl þ. á., um leyfi til að fá fluttan til Húsavíkur frá Skotlandi hrút til að
 blanda íslenzkt fjárkyn, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður að tilkynna
 nefndum Hermanní Hjálmarssyni, að af því að enginn dýralæknir sje á Húsavík eða
 þar í grennd, geti jeg eptir lögum 17. marz 1882, 1. gr. eigi veitt undanþágu þá frá
 hinu almenna banni gegn innflutningi á kvikfje, sem hjer er beið um.

Skýrsla

um «Gjöf Jóns Sigurðssonar».

88
 23. júlí.

Tekjur.

Eptir skýrslu, dagsettri 3. júlí 1885, átti sjóðurinn :

- | | | |
|--|-------------|------------------------|
| a. Innritunarskírteini Ltra G. fol. 1719 | kr. 8400,00 | |
| b. Í peningum | — 171,48 | kr. 8571,48 |
| Síðan hafa sjóðnum bætzt þessar tekjur : | | |
| a. Eptirgjald eptir $\frac{1}{2}$ jörðina Gljú frá árin 1883 og 1884 | kr. 53,37 | |
| b. Ársvextir af innritunarskírteini til 11. júní 1886 á 4% | — 336,00 | |
| c. Hálfis árs vextir af sama til 11. des. 1886 á 4% | . — 168,00 | |
| d. Þóknun út af rentubreytingu $1\frac{3}{4}\%$ | — 147,00 | |
| e. Hálfis árs rentur til 11. júní 1887 af nýju innritun-
arskírteini á $3\frac{1}{2}\%$ | — 147,00 | |
| f. Vextir af fje í sparissjóði | — 4,86 | kr. 856,23 kr. 9427,71 |

Gjöld.

Útgjöld sjóðsins hafa verið :

- | | | |
|--|----------|----------|
| a. Borgun fyrir 2 auglýsingar frá nefnd þeirri sem kosin var á
alþingi 1885 samkvæmt 3. gr. í «Reglum um Gjóf Jóns Sig-
urðssonar» | kr. 5,91 | |
| b. Borgun fyrir sparissjóðsbók | — 0,30 | kr. 6,21 |

Eign sjóðsins 11. júní 1887 :

- | | | |
|--|-----------|-------------------------|
| a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 93 | — 8400,00 | |
| b. Í landsbankanum með sparissjóðskjörum | — 1021,50 | kr. 9421,50 kr. 9427,71 |

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 23. júlí 1887.

Magnús Stephensen.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu, um það, 89
 hvort bóndi sje skyldur að greiða lausafjártíund og aukauitsvar af útibúi í öðrum 29. júlí.
 hreppi en hann sjálfur er búsettur í. — Með þóknanlegu brjefi 12. f. m. hafið þjer,
 herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndaroddivitans í Áshreppi í Húnavatns-
 sýslu, þar sem hann spyrst fyrir um það, hvort Magnúsi bónda Steindórssyni, sem að
 áliti bæði yðar og sýslumanusins í Húnavatnssýslu átti lögheimili í Sveinsstaðahreppi

89 fardagaárið 1885—'86, en hafði jafnframt útibú sama fardagaár á eignarjörð sinni Gils-
29. júlí. stöðum í Áshreppi, hafi fyrir nefut fardagaár borið að greiða til sveitarinnar í hreppi þessum lausafjárftiund af tíundarpeningi sínum þeim, er framfleyttist á Gilsstöðum, og tiltölulegt aukaútsvar.

Þjer hafði þegar áður með brjefi 26. ágúst f. á. svarað þessum fyrirspurnum hreppsnefndaroddivitans svo, að þar sem Magnús Steindórsson samkvæmt skýrslum þeim, sem fyrir lægju, hefði haft lögheimili sitt í Sveinsstaðahreppi hið umrædda fardagaár, þá hafi honum eigi borið að greiða aukaútsvar það ár til Ásshrepps og að það, að því er snertir spurninguna um lausafjárftiundina, sje samkvæmt 12. gr. laga 12. júlí 1878, að Magnúsi hafi borið að greiða alla lausafjárftiund sína til fátækra í Sveinsstaðahreppi þar sem hann hafi átt lögheimili, en 11. gr. nefndra laga eigi að eins við framtal penings í þeim hreppi, þar sem hann framfleyttist.

Með því að jeg er yður samdóma um, að svara beri fyrirspurn hreppsnefndaroddivitans í Áshreppi á þann hátt, er að framan er greint, skal jeg biðja yður tjá það nefndum oddivita og það með, að mál þetta, eins og þjer einnig hafði þegar áður bent honum á, heyri eptir eðli sínu undir dómstólana.

90 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um beiðni
29. júlí. þjóðjarðarlandseta um eptirgjaldslinun vegna skepnumissis. — Með þóknanlegu brjefi dags. 27. þ. m. hafði þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá ábúandanum á þjóðjörðinni Njálstöðum í Húnavatnssýslu, Ólafi Ólafssyni, þar sem hann sækir um 60 álna lækkun á landsskuldargjaldi sínu af nefndri jörð fyrir umliðið og úbyrjað fardagaár, sökum tjóns þess, sem hann hefur orðið fyrir á síðasta vetri og vori sakir skepnumissis.

Fyrir því undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari bitingar að með því að mig brestur heimild til að veita slíka eptirgjaldslinun og þá, er hjer ræðir um, getur beiðni sú, er hjer liggur fyrir ekki orðið tekin til greina.

91 Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um skilyrði fyrir greiðslu
6. ágúst. vitagjalds og afgreiðslugjalds af skipum. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 4. þ. m., hafði þjer, herra bæjarfógeti, spurzt fyrir um það, hvort gufuskipinu Bewick, er komið hafi hingað frá útlöndum og lagzt hjer fyrir utan eyjarnar hinn 1. þ. m., en sent þó menn hingað í land, hafi eigi borið að sýna hjer skjöl sín og greiða hjer vitagjald og afgreiðslugjald, enda þótt það eigi legðist á höfninni fyrir innan eyjarnar.

Fyrir því undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að samkvæmt lögum nr. 20, 10. okt. 1879 ber hverju skipi, að undanskildum herskipum og skemmtiskútum, er fer fram hjá Reykjanesi við Faxaflóa, að greiða vitagjald það, er lögin nákvæmar ákveða, á þeim stað, er það fyrst leitar hafnar á eptir að það hefur siglt fram hjá vitanum, og getur það í því tilfelli, sem hjer er um að ræða, ekki haft neina þýðingu, hvort skipið leggst á höfninni sjálfri eða rjett fyrir utan hana, úr því að það á annað borð hefur varpað akkerum og haft samgöngur við landsmenn.

Að því er þar á móti spurninguna um afgreiðslugjaldið snertir, ber ekki, sam-